

Fundur 17.4.2023 Jónína Benediktsdóttir.

Góða kvöldið, góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Er ég komin í sambandi eða er hljóð?

*Já, velkomin.*

Takk fyrir, er ég alltaf að hressast og ef þið bara sæjuð mig og hvað það er gott að vera hér og mér finnst þið allt of alvarleg og mér fannst ég ekki koma öllu til skila þegar ég kom síðast og vild ég bara aðeins reyna að koma þessu betur til skila og hressa ykkur við og fá ykkur til að brosa með mér.

Og ég skildi svo allt of mikið eftir og hefði getað gert svo margt fleira en þetta er nú bara svona að maður ræður ekki hvenær maður fer.

Og var nú farin að ná tökum á svo mörgu og hér í framlífi er þetta allt annað, mér finnst eins og ég sé ekki slegin niður eins og áður, heldur gangi mér betur að hrinda því til framkvæmda sem ætla mér og orkan er svo mikil að ég er varla búin að klára eitt verkefni þegar annað tekur við og veit ég að margir þekkja mig þannig.

Og mér fannst það svo erfitt á jörðinni hvað kjaftasögurnar og neikvætt umtal náðu að draga úr mér kraftinn og hef ég svo margt við ykkar að segja.

Mér fannst eins og miðillinn næði ekki að koma mínum persónuleika í gegn en núna held ég að það sé að ganga betur.

Ég reyni að fylgjast með pólitíkinni á ykkar hnetti, gömlu jörðinni og ýmsum málum og ég er enn jafn pólitísk og hef jafn sterkar skoðanir og áður.

*Ekki ert þú Guðrún?*

Nei, ég vil að Íslendingar fari að hafa trú á sjálfum sér og fylgi sannfæringu sinni og hugsni um heilsuna meira og það er svo mikilvægt að vera jákvæður og hreyfa sig og vera ekki að sökkva sér ofan í dægurmálin og það sem dregur mann niður.

Á þessum hnetti hefur það verið mér hvað mest undrunarefni hvernig fólk er þjáfað í jákvæðu hugarfari og er það mjög gott.

Vil ég gjarnan segja frá því hvernig ég kom á nýjan hnött og lýsa því hvernig umskiptin voru, um það til að hjálpa til við að koma nafni mínu betur að.

Ég áttaði mig ekki strax á því hvað hafði gerst, enda gerðist það frekar snögg og ég upplifði það sem einhvers konar draum, það er að segja að vakna upp á nýjum stað og vera þó í sama gamla líkamanum, að því er manni finnst, en skynja ekki líkamann á sama hátt, heldur eins og hann sé saman settur og eins og maður hafi lent í slysi og sé að vakna upp eftir bílslys eða eitthvað svoleiðis.

Og maður skynjar það fólk sem er í kringum mann en trúir ekki, það þarf nokkurn tíma til að átta sig, og andlitin sem ég sá voru, þekkti ekki alla og þurfti að rifja það upp og átta mig á að sumir voru unglegir en ég mundi eftir.

Og það er mikið áfall að átta sig á slíku og koma því heim og saman í huganum, og ástvina missirinn er alveg eins sár fyrir mig eins og ég er viss um að það var fyrir mína fjölskyldu og vini á gömlu jörðinni ykkar.

Og það var þess vegna ekki fyrr en ég hafði dvalið í sjúkrahúsinu í nokkra daga sem ég fór að sætta mig við umskiptin.

En samhliða því kemur sú tilfinning að maður veltir því fyrir sér hversu óvenju góð þessi meðferð er, og miklu betri en þær sem ég tók þátt í sjálf á jörðinni gömlu og þannig að mikil gleði yfir líkamlegu ástandi bætir upp það sem hindrar hugann í að meðtaka nýja jörð fullkomlega til að þýða.

Ég verð nú brátt að fara hef ekki komið því öllu til skila sem ég ætlaði, ég finn orkuna minnka en ætla ég að segja til mín og bið að heilsa börnum og ættingjum og öllum sem eftir mér muna, ef þið hafið tækifæri til að skila kveðju Jónína Benediktsdóttir.

*Já, já, þú varst búin að koma einu sinni.*

Já. Er ég, langar mig mjög að tjá mig um pólitík og annað, verð ég að láta það bíða, finn ég orkuna minnka, verið þið sæl.

*Vertu blessuð og takk fyrir komuna.*